



VESTURBYGGÐ

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2962
komudagur 27. 7. 2010

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Skrifstofa Alþingis
Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Patreksfirði, 27. júlí 2010
1007073 PS

Efni: Stuðningur við frumvarp til laga um uppbyggingu Vestfjarðarveggar nr. 60

Á 577. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þriðjudaginn 27. júlí 2010 var tekið fyrir samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 1. júlí sl. um Vestfjarðaveg nr. 60. Þetta var bókað:

”Lagt fram afrit bréfs dags. 16. júlí sl. frá Ísafjarðarbæ til Samgöngunefndar Alþingis þar sem greint er frá samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um samgöngumál á Vestfjörðum.

Bæjarráð Vesturbyggðar tekur undir samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem og bókun Tálknafjarðarhrepps frá 20. júlí sl. hvað varðar stuðning við frumvarp til laga um uppbyggingu Vestfjarðavegar nr. 60.

Bæjarráð Vesturbyggðar lýsir yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið og bendir jafnframt á að suðursvæði Vestfjarða er sá landshluti sem býr við einna vanþróaðasta vegakerfi landsins. Afstaða íbúa Vesturbyggðar um að hin svokallaða leið B, láglendisvegur, verði farin, hefur komið afar skýrt fram, meðal annars á fjölmennum íbúafundi þann 11. maí 2010. Bæjarráð Vesturbyggðar fer fram á að þeirri óvissu sem ríkt hefur um löngu tímabærar samgöngubætur verði eytt og að höggvið verði á þann hnút sem svo rækilega hefur bundið suðursvæði Vestfjarða í fjötra fortíðar. Uppbygging samgöngubóta fyrir samfélag og atvinnulíf á svæðinu er málefni sem þolir enga bið og er því afar brýnt að breið samstaða verði um þetta frumvarp.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Þórir Sveinsson, skrifstofustjóri.

Afrit: Þingmönnum NV-kjördæmis, Ísafjarðarbæ, Tálknafjarðarhreppi, Reykhólahreppi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga.